

Handbók um mannauðsmál sérnámslækna á Landspítala (3. útg) júní 2024

Inngangur

Handbók mannauðsmála sérnámlækna er hugsuð til upplýsinga fyrir sérnámlækna, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og kennslustjóra sérnáms lækna. Handbókin er á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga og skrifstofu mannauðsmála, en mannauðsstjóri sérnámslækna veitir ráðgjöf varðandi mannauðsmál sérnámslækna.

Sérnám lækna á Landspítala fer fram samkvæmt reglugerð [856/2023](#) og ber yfirlæknir sérnáms ásamt kennslustjóra hvernar sérgreinar faglega ábyrgð á framkvæmd sérnáms fyrir hönd framkvæmdastjóra lækninga.

Sérnám í læknisfræði á Landspítala

Í samræmi við viðurkenningar og vottun mats- og hæfisnefndar Heilbrigðisráðuneytis er eftirfarandi sérnám í boði á Íslandi:

Fullt sérnám

[Sérnám í almennum lyflækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í barna- og unglíngageðlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í bráðalækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í geðlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í háls- nef- og eyrnalækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í öldrunarlækningum](#) sem viðbótarsérgrein við almennar lyflækningar eða heimilislækningar ([Marklýsing](#))

Hlutasérnám

[Sérnám í barnalækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í bæklunarskurðlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í endurhæfingarlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í háls- nef- og eyrnalækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í meinafræði \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í myndgreiningu \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í réttarlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Kjarnanám í skurðlækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum \(Marklýsing\)](#)

[Sérnám í taugalækningum \(Marklýsing\)](#)

Embætti Landlæknis veitir sérfræðileyfi byggt á námslokavottorði fulls sérnáms á Íslandi. Sérfræðileyfi í öðrum aðal- og undirgreinum byggjast á staðfestingu erlendra leyfa.

[Upplýsingar um sérnám lækna á Landspítala](#)

Samstarfssamningar um sérnám í læknisfræði

Sérnám í læknisfræði er skipulagt á landsvísu. Einungis ein sérnámsleið er möguleg í hverri sérgrein lækninga samkvæmt viðurkenndum marklýsingum á til þess vottuðum stofnunum. Í þessu samhengi hefur Landspítali gert eftirfarandi samstarfssamninga. Mikilvægt er að mannauðsmál er tengjast þessu samstarfi séu skýr og að verklagi sem hér kemur fram sé fylgt.


- Samstarfssamningur við Sjúkrahúsið á Akureyri
- Samstarfssamningur við Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu
- Samstarfssamningur við Handlæknastöðina Glæsibæ um bæklunarskurðlækningar

Stjórnskipulag sérnáms á Landspítala

Framkvæmdastjóri lækninga er handhafi ráðningavalds gagnvart sérnámslæknum í námsstöðum á Landspítala og gerir ráðningasamning við þá ásamt yfirlækni sérnáms. Fastur launakostnaður er gjaldfærður á framkvæmdastjóra lækninga (viðvangsnúmer 57216 „Sérnámslæknar“) sem jafnframt fer með þann þátt ráðningavalds sem ekki er heimilt að fela öðrum. Breytilegur launakostnaður sérnámslækna er gjaldfærður á viðkomandi starfseiningu.

Í samræmi við ábyrgðasvið kennslustjóra annast þeir faglegan þátt sérnámsins gagnvart sérnámslæknum auk þess sem þeir sjá um ráðningaferlið í samvinnu við yfirlækni sérnáms. Önnur dagleg stjórnun er í höndum yfirlækna viðkomandi sérgreina samkvæmt umboði framkvæmdastjóra.

Sérnámslæknir ber ábyrgð gagnvart yfirlækni þeirrar sérgreinar sem hann starfar á hverju sinni hvað varðar starfsskyldur og jafnframt gagnvart kennslustjóra sérnáms í þeirri sérgrein sem námið er í hvað varðar framkvæmd sérnáms og framvindu þess. Sérnámslæknir tilheyrir tveimur hópum starfsmanna á Landspítala. Annars vegar hópi þeirra lækna sem starfa á þeirri sérgrein sem læknirinn starfar á hverju sinni, og hins vegar hópi sérnámslækna í þar til samþykktu sérnámi.



Mynd: Sýnir hvernig sérnámslæknir ber ábyrgð gagnvart yfirlækni sérgreinar og kennslustjóra og tengsl við skipurit, blár litur táknar klíniska starfsemi og gulur litur táknar námshluta.

Skilgreiningar

Kennslustjóri sérnáms í læknisfræði

Ber faglega ábyrgð á sérnámslækni er varðar sérnám og framvindu þess. Ber einnig faglega ábyrgð á innihaldi og framkvæmd sérnáms viðkomandi sérgreinar gagnvart yfirlækni sérnáms og framkvæmdastjóra lækninga. Hefur yfirumsjón með handleiðsluskerfi og matskerfi sérnáms og ber þannig m.a. ábyrgð á að hver sérnámslæknir hafi ætíð nafngreindan sérnámshandleiðara og klínískan handleiðara. Hefur einnig yfirumsjón með ráðningaferli sérnáms viðkomandi greinar og skrifar undir sérnámssamning við sérnámslækni. Kennslustjóri sérnáms ber ábyrgð á að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til náms og þjálfunar, ásamt því að hlutverk þeirra og ábyrgð í starfi sé viðeigandi með tilliti til hæfnikrafa og mats. Sjá nánar starfslýsingu kennslustjóra sérnáms (Viðauki 3)

Framkvæmdastjóri lækninga er handhafi ráðningavalds gagnvart kennslustjóra og gerir ráðningasamning við þá ásamt yfirlækni sérnáms. Framkvæmdastjóri lækninga fer jafnframt með þann þátt ráðningavalds sem ekki er heimilt að fela öðrum en önnur dagleg stjórnun er í höndum yfirlæknis sérnáms á Landspítala. Kennslustjóri starfar í skilgreindu starfshlutfalli og eru laun kennslustjóra greidd af framkvæmdastjóra lækninga (viðfangsnúmer 57216 „Sérnámslæknar“).

Yfirlæknir viðkomandi starfseiningar:

Ber starfsmannalega ábyrgð á sérnámslækni og störfum hans í umboði yfirlæknis sérnáms og framkvæmdastjóra lækninga varðandi klíníska þjónustu við sjúklinga. Yfirlæknir viðkomandi starfseiningar ber ábyrgð á vinnuskipulagi, þ.m.t. vöktum, út frá þörfum þjónustunnar og námsins í samvinnu við kennslustjóra sérnáms, og samþykkir tímaskráningu sérnámslæknis í Vinnustund.

Yfirlæknir sérnáms á Landspítala:

Ber ábyrgð á heildarskipulagi sérnáms á Landspítala, í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra lækninga. Tekur ákvarðanir um fjölda sérnámslækna í hverri sérgrein í samvinnu við framkvæmdastjóra lækninga og í samráði við yfirlækna og kennslustjóra. Stýrir þróun námsframboðs og gegnir samhæfingarhlutverki í samræmi við þarfagreiningar, kostnaðarmat og -spár, ásamt gæðavísunum og stjórnun. Kemur að álitamálum varðandi framgang einstakra sérnámslækna og er kennslustjórum sérnáms, yfirlæknum og framkvæmdastjórum til stuðnings.

Yfirlæknir sérnámsgrunns á Landspítala:

Ber ábyrgð á heildarskipulagi sérnámsgrunns á Landspítala og ráðningum læknanema í störf á Landspítala, í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra lækninga. Tekur ákvarðanir um fjölda sérnámsgrunnslækna á ólíkum sviðum í samvinnu við framkvæmdastjóra lækninga, yfirlækna og kennslustjóra. Kemur að álitamálum varðandi framgang einstakra sérnámsgrunnslækna og samskiptum við embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið er kemur að málefnum sérnámsgrunnslækna og lækna í starfsþjálfun með tímabundið lækningaleyfi.

Sérnámsgrunnslæknir

Sérnám í læknisfræði á Íslandi hefst á sérnámsgrunni. Sérnámsgrunnur er fyrsta ár sérnáms og er þannig skipulagt að 4 mánuðir eru á lyflækningadeild, a.m.k. 4 mánuðir á heilsugæslu og 2-4 á öðrum deildum, að hámarki tveimur. Framvinduviðmið [marklýsingar](#) sérnámsgrunns skulu uppfyllt áður en frekara sérnám hefst. Óheimilt er að hefja störf í sérnámsgrunni án lækningaleyfis. Læknir í sérnámsgrunni er læknir sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði (cand. med. prófi) frá Háskóla Íslands eða sambærilegri menntun og hlotið hefur almennt lækningaleyfi sbr. reglugerð 856/2023. Læknar í sérnámsgrunni starfa undir umsjón reyndari sérnámslækna, lækna með lækningaleyfi eða sérfræðileyfi og á ábyrgð yfirlæknis í þeirri sérgrein eða á þeirri deild eða starfseiningu sem viðkomandi starfar á hverju sinni í umboði framkvæmdastjóra lækninga.

Sérnámslæknir

Læknir með almennt lækningaleyfi sem hefur hlotið ráðningu í auglýsta og viðurkennda sérnámsstöðu í samræmi við hæfnikröfur og samræmt ráðningarferli. Sérnámslæknar eru ráðnir á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga og eru föst laun þeirra greidd af honum. Fagleg ábyrgð á því sem snýr að sérnámi, þ.m.t. ráðningarferli, liggur hjá kennslustjóra sérnáms, en önnur starfsmannaábyrgð hjá viðeigandi yfirlækni, hvoru tveggja í umboði yfirlæknis sérnáms fyrir hönd framkvæmdastjóra lækninga.

Sérnámslæknir með sérfræðileyfi

Sérfræðilæknir sem hlotið hefur ráðningu í auglýsta og viðurkennda sérnámsstöðu í viðbótar- eða undirsérgrein í samræmi við hæfnikröfur og samræmt ráðningarferli þar sem sérfræðileyfi er meðal forsenda ráðningar. Fagleg ábyrgð á því sem snýr að sérnámi, þ.m.t. ráðningarferli, liggur hjá kennslustjóra sérnáms, en önnur starfsmannaábyrgð hjá viðeigandi yfirlækni, hvoru tveggja í umboði yfirlæknis sérnáms fyrir hönd framkvæmdastjóra lækninga.

Læknir með lækningaleyfi

Almennur læknir sem starfar utan vottaðs sérnáms í læknisfræði og hefur lokið sérnámsgrunni. Framkvæmdastjóri lækninga er handhafi ráðningavalds gagnvart læknum með lækningaleyfi á Landspítala og gerir ráðningasamning við þá ásamt yfirlækni sérnáms. Fastur launakostnaður er gjaldfærður á framkvæmdastjóra lækninga (viðvangsnúmer 57217 „Læknar með lækningaleyfi“) sem jafnframt fer með þann þátt ráðningavalds sem ekki er heimilt að fela öðrum. Breytilegur launakostnaður er gjaldfærður á viðkomandi starfseiningu.

Umsjónarsérnámslæknir

Er sérnámslæknir sem hefur auknum skyldum að gegna meðfram hefðbundnum störfum sínum samkvæmt starfslýsingu og gegnir leiðtogahlutverki í hópi sérnámlækna. Skilgreindur tími til verkefnisins er í samræmi við umfang hvernar sérgreinar og skal ákveðið í samráði við kennslustjóra og yfirlækni sérnáms. Samningar eru tímabundnir. Umsjónarsérnámslæknir tekur þátt í stjórnendabjálfun á vegum skrifstofu sérnáms og hefur aðgang að handleiðslu og markþjálfun innan Landspítala.

Sérnám í læknisfræði

Skv. reglugerð nr. [856/2023](#) um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi skal sérnám í læknisfræði fela í sér fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða heilbrigðisstofnun sem hlotið hefur viðurkenningu til slíks sérnáms af mats- og hæfisnefnd. Sérnámið skal vera í samræmi við samþykktu marklýsingu sérgreinarinnar.

Marklýsing sérnáms

Sérnámi hvernar greinar er lýst í viðeigandi marklýsingu. Í marklýsingu er innleiðing og tilgangur námsins rökstudd, ásamt því að öllum þáttum þess er lýst. Þannig skal í marklýsingu vera lýsing á uppbyggingu og innihaldi náms og kennslu, ásamt skilgreiningum á hæfni, færni- og þekkingarviðmiðum og matsaðferðum og matskerfum sem nýtt eru þeim til staðfestingar. Einnig skal handleiðslu- og handleiðarakerfi lýst og framvinduviðmið skilgreind. Sjá nánar gæðaviðmið útgefin af mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 856/2023.

Sérnámshandleiðari

Sérnámshandleiðari er aðallhandleiðari námslæknis allan námstíma hans og styður hann til að standast lágmarkskröfur um námsframvindu. Sérnámshandleiðarar skulu hafa lokið viðeigandi þjálfun.

Klínískur handleiðari

Sérhver sérnámslæknir hefur klínískan handleiðara fyrir sérhverja námsstöðu. Klínískir handleiðarar skulu hafa hlotið viðeigandi þjálfun og bera ásamt sérnámslækni ábyrgð á skipulagi náms og markmiðasetningu auk þess að veita endurgjöf á störf sérnámslæknis. Séð skal til þess að klínískir handleiðarar og sérnámshandleiðarar deili viðeigandi upplýsingum um framgang í gegnum ferilmöppu (Eportfolio) sérnámslæknis.

Mönnun og löðun

Mönnunarlíkön og vinnuskipulag

Mönnunarlíkön eru unnin á skrifstofu sérnáms í samvinnu við yfirlækna sérgreinar, kennslustjóra, fjármálastjóra, og framkvæmdastjóra í aðdraganda ráðningarferlis. Líkönin þurfa að ríma við þarfir starfseminnar og taka tillit til þess að dreifing vinnu sé með sem jöfnustum hætti. Vinnuskipulag á hverri einingu fyrir sig er aðlagað að þörfum starfseminnar annars vegar og sérnáms og þörfum sérnámslækna

hins vegar. Tryggja skal að sérnámslæknar hafi tækifæri til að uppfylla hæfnikröfur marklýsingar. Einnig er tekið tillit til ramma kjarasamninga og vinnulöggjafar.

Þegar misræmi er í mönnunarþörf með tilliti til vinnuskipulags og sérnáms þá getur klínísk starfseining ráðið lækna með lækningaleyfi til viðbótar við sérnámslækna skv. mati klíníks yfirlæknis og viðeigandi framkvæmdastjóra. Kostnaður við slíka ráðningu eru kostnaðarfærðar á klíníska starfseiningu.

Vaktaskipulag skv. kjarasamningum lækna

- Vinnutilhögun utan dagvinnu miðast við vinnuálag á hverri deild og skal endurskoðuð árlega af forstöðumönnum deilda, að höfðu samráði við lækna sömu deilda.
- Læknum sem taka vaktir er skylt að skipta þeim með sér og vaktaskrá ber að leggja fram með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.
- Vaktabyrði skal vera í samræmi við starfshlutfall nema um annað sé samið.
- Læknum til 55 ára aldurs skal skylt að taka vaktir þar sem þess er þörf.
- Unnið er á staðarvöktum (læknir dvelst á þeirri stofnun þar sem hann stendur vaktina), gæsluvöktum (læknir er ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli) eða gæsluvöktum með viðveruskyldu (blönduð vakt) að hluta eftir því sem við á.

Ráðningaferlið

Almennt skal beita sömu aðferðum við ráðningar sérnámslækna og við aðrar ráðningar á spítalanum. Mikilvægt er að vanda val á starfsmanni/starfsmönnum við ráðningu. [Ráðningarferlið](#) samanstendur af starfsgreiningu, öflun umsækjanda, móttöku og flokkun umsókna, mat á umsækjendum, val á starfsmanni og frágangi ráðningar.

Ef deildir Landspítala hafa þörf á að ráða inn lækni með lækningaleyfi til að tryggja mönnun eftir þörfum starfseminnar á öðrum tímum en í ofangreindu samræmdu ráðningarferli er það gert í samráði við yfirlækni sérnáms á Landspítala og þeirra sem taka ákvörðun um ráðningar.

Tímarammi ráðningaferils sérnámslækna



Prep ráðningarferils

Pörf á starfsmanni (ágúst/desember)

Ábyrgðaraðili: Handhafi ráðningarvalds (framkvæmdastjóri lækninga/yfirlæknir sérnáms) í samstarfi við stjórnanda (kennslustjóri og yfirlækna/forstöðumenn)

Áður en ákvörðun er tekin um að ráða nýjan starfsmann þarf að vera búið að skilgreina mönnunarþörf og verkefni á starfseiningunni og fjárheimild að liggja fyrir.

Ákveða þarf:

- Hvort um sé að ræða nýtt, laust eða breytt starf
- Starfskjör í samræmi við kjarasamninga
- Tíma ráðningar, reynslutíma, vinnutíma og starfshlutfall

Starfsgreining og hæfni í starfið metin með stjórnanda

Ábyrgðaraðili: Handhafi ráðningarvalds (framkvæmdastjóri lækninga/yfirlæknir sérnáms) og næsti stjórnandi (kennslustjóri og yfirlæknar/forstöðumenn)

Starfsgreining er kerfisbundin lýsing á því í hverju starf felst, umgjörð þess og hvaða hæfni er mikilvægust. Starfsgreining er grunnur að faglegri ráðningu, starfslýsingu, auglýsingu, mati á umsækjanda og rökstuðningi fyrir vali. Skýrar hæfnikröfur eru mikilvægar og að samræmi sé á milli hæfnikrafna, verkefna, stefnu og markmiða spítalans, sviðs og starfseiningar. Skrifstofa mannauðsmála og mannauðsstjórar sviða aðstoða við starfsgreiningu.

Starfslýsingar

Ábyrgðaraðili: Handhafi ráðningarvalds (framkvæmdastjóri lækninga/yfirlæknir sérnáms) og stjórnandi (kennslustjóri og yfirlæknar/forstöðumenn)

Mikilvægt er að til sé starfslýsing þar sem fram koma helstu starfs- og ábyrgðarsvið viðkomandi starfs er hluti af forsendum ráðningar og skal liggja fyrir við undirritun ráðningarsamnings.

[Starfslýsingar lækna má finna á innri vef Landspítala.](#)

- STARFSLÝSING A – Sérnámsháttarhlutir
- STARFSLÝSING B – Sérnámsháttarhlutir
- STARFSLÝSING C – Læknir með sérfræðileyfi
- STARFSLÝSING D – Læknir með lækningaleyfi

- [YFIRLÆKNIR MEÐ FAGLEGA ÁBYRGÐ – STARFSLÝSING \(Y1\) er til](#)
- [YFIRLÆKNIR MEÐ ÞRÍÞÆTTA ÁBYRGÐ – STARFSLÝSING \(Y3\) er til](#)
- KENNSLUSTJÓRI SÉRNÁMS Í LÆKNISFRÆÐI – STARFSLÝSING (KSL) sjá viðauka 3
- UMSJÓNARSÉRNÁMLÆKNIR er í vinnslu

Auglýsing útbúin og starf auglýst

Skylt er að auglýsa öll laus störf á LSH samkvæmt [reglum nr. 464/1996 um auglýsingar](#), nema þau sem eiga að standa í tvo mánuði eða skemur, séu afleysing sem er ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfelld, eða hafi verið auglýst innan síðustu sex mánaða og þess getið í auglýsingunni að umsókn geti gilt í sex mánuði.

Til að starf teljist nægjanlega auglýst þarf auglýsing að birtast á Starfatorgi og skal umsóknarfrestur að lágmarki vera 10 dagar frá birtingu og enda á virkum degi.

Eftirfarandi atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar starf sérnámslæknis er auglýst:

- Lengd ráðningar tekur mið af tilteknu upphafi sérnáms og tekur endi miðað við lengd hvernar sérnámsleiðar og í samræmi við sérnámssamning.

Auglýsingar þurfa að berast til skrifstofu mannauðsmála tímanlega til að umsóknarfrestur uppfylli reglur þar um. Mannauðsstjórar setja auglýsingar upp í ráðningakerfið og senda til skrifstofu mannauðsmála til yfirferðar. Texti auglýsingar skal vera staðlaður.

Hæfnikröfur í auglýsingu fyrir sérnámslækna

Ábyrgðaraðili: Handhafi ráðningarvalds og kennslustjóri

Skilgreina þarf hæfni þá sem lögð er til grundvallar starfi. Kröfurnar þurfa að vera í samræmi við lög og reglur. Hæfnikröfur fyrir sérnámslækni eru og ættu að koma fram í auglýsingu:

- Hafa lokið sérnámsgrunni eða sambærilegu starfsnámi við upphaf sérnáms
- Íslenskt lækningaleyfi eða uppfylla skilyrði til þess
- Áhugi á að starfa við viðkomandi sérgrein
- Lágmarkskunnátta í íslensku, nema samkomulag sé um annað
- Fyrri starfsreynsla, reynsla af vísinda-, umbóta- og gæðastörfum æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Áreiðanleiki, stundvísi og árangursmiðað viðhorf
- **Öldrunarlækningar:** Hafa sérfræðileyfi í heimils- eða almennum lyflækningum

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Vottað afrit af prófskírteinum og starfsleyfum.
- Starfsferilsskrá
- Tilgreind reynsla af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt yfirliti yfir birtar vísindagreinar (eða í ritrýni) sem umsækjandi er höfundur að.
- Kynningarbréf með persónulegum markmiðum umsækjenda varðandi starfið auk
- Staðfestingu um áætluð lok sérnámsgrunns ef því er ekki nú þegar lokið.

Mat og val á umsækjendum

Umsóknarfrestur rennur út

Skrifstofa mannauðsmála fer yfir innsend gögn frá umsækjendum og kallar eftir þeim sem vantar. Umsóknir eru síðan sendar til viðeigandi kennslustjóra.

Fyrsta mat á umsóknum

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa mannauðsmála

Mikilvægt er að meta hvaða umsækjendum er boðið að hefja formlegt ráðningaferli út frá þeim hæfnikröfum sem sett eru fram í auglýsingu. Ófrávíkjanlegar kröfur eru metnar með já/nei og þeir sem fá nei eru þá útilokaðir frá ráðningaferlinu. Ef umsækjendur hafa ekki skilað inn umbeðnum gögnum er rétt að upplýsa þá um það og gefa þeim kost á að skila þeim inn þó að umsóknarfrestur sé liðinn.

Ef mat á umsækjendum er jafnt skal að jafnaði boða alla í viðtal sem það á við. Leitast skal við að nota gagnsæjar og rekjanlegar matsaðferðir á umsóknargögnum t.d. með stigakerfi.

Mat á umbeðnum gögnum

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa mannauðsmála

Að öllu jöfnu er nóg að framvísa ljósritum eða rafrænum gögnum með starfsumsókn. Sé þess óskað skal umsækjandi vera tilbúinn að leggja fram frumgögn eða staðfest ljósrit frumgagna. Þó skal ætíð framvísa frumgögnum eða staðfestum ljósritum af starfsleyfi og sakavottorði í starfsviðtali þegar þess er krafist í starfsauglýsingu. Með staðfestu ljósriti er átt við að samræmi sé milli frumrits og ljósrits. Slík staðfesting fæst á lögreglustöðvum og hjá sýslumannsembættum.

Ef ljósrit er tekið á Landspítala af frumgögnum umsóknargagna skal viðkomandi starfsmaður kvitta með nafni sínu og dagsetningu á ljósrit þau sem haldið er eftir hjá Landspítala.

Matsskjal fyrir umsóknir sérnámslækna (Linkur).

Starfsviðtal

Ábyrgðaraðili: Kennslustjóri

Við ráðningarferli sérnámslækna er lögð áhersla á jafnræði og samhæfða nálgun þar sem byggt er á skilgreindum hæfnivíðmiðum og kröfum sem endurspeгла á viðeigandi hátt kröfur marklýsingar þess sérnáms sem sótt er um.

Mikilvæg atriði varðandi starfsviðtöl:

- Taka skal viðtöl eða beita öðrum viðurkenndum matsaðferðum með matsramma á umsóknum og svo einnig í viðtölum.
- Skýrar og skriflegar röksemdir þurfa að vera fyrir því ef umsækjendum sem uppfylla grunnskilyrði er ekki boðið að hefja matsferlið.
- Ef neikvæðar upplýsingar eru umsækjanda í óhag, og geta orðið til þess að ráðning er ekki áformuð, skal gefa umsækjandanum kost á að neyta andmælaréttar síns, ef hann uppfyllir að öðru leyti skilyrði.
- Við ákvörðun um ráðningu þurfa að liggja fyrir skrifleg gögn um grundvöll þeirrar ákvörðunar og huga þarf að rökstuðningi fyrir ráðningu frá upphafi verði hans óskað af þeim sem ekki fá ráðningu.

Til að tryggja þessi grundvallaratriði er mælt til þess að starfsviðtöl á öllum sviðum fari fram á skipulagðan og samhæfðan hátt þar með viðtæku mati á því hvort umsóknargögn uppfylli kröfur ásamt eiginlegu færnimati.

Þannig er mælt til þess þar sem því verður við komið að viðtöl fari fram á þremur stöðvum, hverri mannaðri af tveimur viðmælendum. Á fyrstu stöð er farið í gegnum umsóknargögn og áhugi og almenn hæfi könnuð. Á annarri stöðinni er lagt fyrir klínískt tilfelli viðeigandi fyrir viðkomandi sérgrein. Samskiptafærni er metin sérstaklega sem hluti af tilfellaumræðu. Á þriðju stöðinni eru svo lögð fyrir tilfelli eða spurningar sem snúa að siðfærði, fagmennsku og stjórnun. Slíkar spurningar geta verið sameiginlegar mismunandi greinum. Allar spurningar skulu kvarðaðar fyrirfram og niðurstöður skráðar á viðeigandi eyðublöð.

Nánari lýsing á fyrirkomulagi viðtala og eyðublöð má finna í viðauka 4.

Umsagnir og meðmæli

Ábyrgðaraðili: Kennslustjóri

Ef ákveðið er að afla umsagnar er mikilvægt að sami aðili afli munnlegra upplýsinga og leggi sömu spurningar fyrir umsagnaraðila vegna allra umsækjenda sem koma til greina í starf. Nauðsynlegt er að skrá meðmæli á þar til gert eyðublað og afla umsagna eftir að viðtal hefur farið fram. Eyðublað má finna í Viðauka 5

Endanlegt val á starfsmönnum og starfstilboð

Sérnámslæknar eru valdir í samræmi við stigagjöf ráðningarferlis hvernar greinar. Yfirlæknir sérnáms hefur samband við umsækjendur sem staðist hafa ráðningaferlið með stöðluðum tölvupósti með afriti til skrifstofu sérnáms og mannauðsstjóra til staðfestingar. Umsækjandi hefur sólarhring til að svara starfstilboði. Ef viðkomandi hafnar boðinu getur kennslustjóri haft samband við næstu umsækjendur í samræmi við stigafjölda, sem þá hafa einnig sólarhrings umhugsunarfrest.

Umsækjendum ber ekki skylda til að upplýsa kennslustjóra um hvort þeir hafi sótt um fleiri en eina stöðu og skulu kennslustjórar ekki spyrjast fyrir um það. Slíkt gæti bæði haft áhrif á niðurstöðu viðtala og frammistöðu umsækjenda. Ef umsækjanda býðst fleiri en ein staða, eða býðst staða seinna í ferli sem hann kys frekar en þá stöðu sem honum var fyrst boðin, má hann hafna fyrstu stöðunni. Slíkt skal gera með tölvupósti til skrifstofu sérnáms og afrit á yfirlækni sérnáms og mannauðsstjóra. Umsækjendur skulu ávallt hafa sólarhrings umhugsunarfrest.

Ráðningasamningur gerður

Gerður er rafrænn ráðningasamningur í gegnum samningsform þegar sérnámslæknir er ráðinn í auglýsta stöðu. Sérnámslæknir er ráðinn inn á skipulagseininguna „Sérnámslæknar“ á viðfangsnúmer 57216. Heildarskipulag sérnámslæknis eða að minnsta kosti fyrsta námsárið þarf að liggja fyrir og sér launadeild um að færa starfsmann á milli skipulagseininga og í kauplaust leyfi þegar viðkomandi er í námi á öðrum stofnunum.

Mikilvægt er að tilkynna um allar breytingar sem verða á skipulagi til launadeildar að tryggja að viðkomandi sé á réttum stað í kerfinu.

Ráðningatími

Ráðningatími er í samræmi við lengd sérnáms sérgreinar hverju sinni með reynslutíma í 6 mánuði. Forsenda fyrir ráðningu sérnámslækna er námsframvinda samkvæmt marklýsingum

sérnáms og sérnámssamningi. Ráðningu í starfi sérnámslæknis lýkur því eðli málsins samkvæmt þegar sérnámi lýkur. Nái sérnámslæknir ekki að fylgja námsáætlun án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir töfum kann að verða litið svo á að forsendur ráðningar teljist brostnar.

Starfsheiti:

Starfsheiti læknis í sérnámsstöðu er „LSH. Sérnámslæknir.“.

Starfsheiti læknis í sérnámsstöðu í öldrunarlækningum er „LSH. Sérnámslæknir með sérfræðileyfi“.

Námsár (1-6) sérnámslæknis er skilgreint sem hæfi í mannauðskerfum Landspítala. Kennslustjórar skulu senda tengilið sérnáms lækna innan mannauðssviðs staðfest yfirlit yfir framvindu og námsár allra sinna sérnámslækna innan viku frá hverju framvindumati og breytist þá færniviðmið sérnámslæknis í samræmi við námsframvindu.

Launasetning:

LAUNASETNING FRÁ 1. SEPTEMBER 2022

- Sérnámsgrunnur = launaflokkur 200
- Formlegt sérnám hefst = launaflokkur 201
- Eftir 1 samþykkt ár í sérnámi = launaflokkur 202
- Eftir 2 samþykkt ár í sérnámi = launaflokkur 203
- Eftir 3 samþykkt ár í sérnámi = launaflokkur 203 + eitt þrep (5. þrep vegna 3 ára í sérnámi skv. kjarasamningi)

- Almennir læknar utan sérnáms = launaflokkur 200
- Almennir læknar utan sérnáms eftir 1 ár í starfi = launaflokkur 201
- Viðbótarsérnám í öldrunarlækningum = launaflokkur 300

Ráðningarkjör lækna með lækningaleyfi eru ákvörðuð í kjarasamningi Læknafélags Íslands við ríkið. Þar er gert ráð fyrir að læknir með lækningaleyfi taki grunnlaun skv. launaflokkum 200-205.

Viðbótarlaunaflokkar:

- BS/MSc gefur viðbótarþrep skv. kjarasamningi
- Doktorspróf gefur tvo viðbótarlaunaflokka
- Umsjónarsérnámslæknir gefa einn viðbótarlaunaflokk

Launaþrep vegna starfsaldurs ákvarðast skv. grein 3.3.1 í kjarasamningi Læknafélags Íslands og ríkisins og nema frá 1 – 5 þrepum eftir starfsaldri viðkomandi.

Um önnur viðbótarlaun er ekki að ræða hjá sérnámslæknum.

Launakjör sérnámslækna í öldrunarlækningum þar sem forkrafa er sérfræðileyfi í heimilis- eða almennum lækningum eru í samræmi við kjarasamninga. Grunnlaun eru launaflokkur 300 á meðan á námstíma stendur. Viðbótarlaun eru í samræmi við kjarasamninga.

Um launaflokka og framgang

Þegar sérnámslæknir skiptir um sérgrein og hefur sérnám í nýrri sérgrein þá byrjar hann í launaflokki 201. Skiptir þá engu hvort viðkomandi hafi lokið 2-3 árum í öðru sérnámi og verið í launaflokkum 202 eða 203.

Kennsluráð nýrrar sérgreinar getur hins vegar tekið fyrir mat á fyrra sérnámi og færist hann þá upp um flokka í samræmi við það mat. Kennslustjóri sendir upplýsingar um nýja launasetningu á skrifstofu sérnáms og er þá gerð breytingartilkygning í samræmi við matið.

Ef sérnámslæknir hættir í sérnámi og fer að starfa sem læknir með lækningaleyfi á sömu einingu þá heldur viðkomandi læknir launaröðun sinni frá sérnámsleiðinni.

Hins vegar ef sérnámslæknir **hættir** og fer að starfa sem læknir með lækningaleyfi á **annarri einingu** þá fer viðkomandi í launaflokk 200 ef reynsla hans er minni en 1 ár eða launaflokk 201 eftir 1 ár í starfi, sbr. launaröðun þeirra frá hausti 2022.

Framvindumat er forsenda ákvörðunar um framgang milli sérnámsára og byggir m.a. á E-portfolio sem sérnámslæknir ber ábyrgð á að uppfæra. Sérnámslæknar og handleiðarar undirbúa gögn fyrir framvindumat.

Starfsaldur endurspeglast í þrepum 1-4 í kjarasamningi

Formlegt framvindumat sker úr um framvindu í sérnámi og er til grundvallar við launasetningu.

- Kennslustjórar bera ábyrgð á framkvæmd framvindumats og koma niðurstöðum til skrifstofu sérnáms
- Í undantekningartilfellum getur sérnámslæknir sótt um launaframgang til kennslustjóra utan formlegs framvindumats.

- Mannauðsstjóri útbýr breytingartilkynningu sem gildir frá næstu mánaðarmótum eftir að framvinda er staðfest.

Frágangur auglýsinga

Að lokum svarar skrifstofa mannauðsmála öllum umsækjendum sem ekki fengu starf skriflega með stöðubræfi í ráðningarkerfi. Mælt er með því að þeim sem fá ekki starf og hafa komið í viðtal sé tilkynnt um það símleiðis og síðan fá þeir einnig staðlað bréf í gegnum ráðningakerfi.

Öll gögn, matslistar og punktar úr viðtölum og samtölum þarf að geyma þar sem umsækjendur geta síðar óskað eftir þeim gögnum bæði við rökstuðning á ráðningu en einnig á grundvelli upplýsingalaga.

Móttaka sérnámslæknis

Allir starfsmenn fá boð um mætingu í nýliðamóttöku á 1. degi ráðningar. Í nýliðamóttökunni er farið yfir öll helstu atriði sem nýr starfsmaður þarf að hafa upplýsingar um ásamt viðtal við starfsmannahjúkrunarfræðing þar sem farið er yfir grunnbólusetningar. Einu gildir hvort viðkomandi starfsmaður sé að koma beint úr öðru starfi innan sömu stofnunar, dagskrá móttöku er sú sama. Gátlisti við móttöku nýrra starfsmanna er hafður til hliðsjónar við móttöku nýrra starfsmanna.

Sértækur móttökudagur sérnámslækna fer fram í febrúar og maí ár hvert.

Flutningur milli stofnana

Landspítali og Sjúkrahús Akureyrar (SAK) hafa gert með sér samstarfssamning um sérnám lækna (Viðauki 1). Ráðningaferli og ráðningasamningur: Ef samvinna hefur verið staðfest milli LSH og SAK um sérnám í viðkomandi sérgrein skal það tekið fram í auglýsingu og í það minnsta einn fulltrúi SAK skal taka þátt í ráðningarferli. Þegar sérnámslæknir hefur störf á SAK fer hann í kauplaust leyfi frá LSH og gerður ráðningasamningur við SAK.

Að öðru leyti er vísað í ofangreindan samstarfssamning.

Landspítali og Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu hafa sömuleiðis gert með sér samstarfssamning (Viðauki 2)

Skiptidvalir – frá og til Íslands

Mikilvægur þáttur skiptinema er að læra af öðrum og miðla reynslu frá Íslandi ásamt því að skapa tengsl m.a. til að skapa gagnkvæm tækifæri fyrir íslenska sérnámslækna að fara í skiptidvöl í sínu sérnámi.

Þegar sérnámslæknar fara erlendis í skiptidvöl er tekið tillit til þess tíma í skipulagi námsins eða tilkynnt um breytingu til launadeildar. Sérnámslæknir er í kauplausu leyfi á meðan á skiptidvöl stendur og heldur

Því réttindum sínum þegar hann kemur til baka. Sérnámslæknar eru þá með ráðningu erlendis á meðan á skiptidvöl stendur.

Landspítali tekur á móti sérnámslæknum frá öðrum löndum í skiptidvöl til eins mánaðar að lágmarki. Skiptinemar frá Bandaríkunum hafa fengið laun greidd frá sérnámsprógrammi í sínu heimalandi og því er ekki gerður ráðningasamningur við þá. Fylla þarf út námssamning og sækja um tímabundið lækningaleyfi sem veitt er til eins mánaðar að lágmarki. Skiptinemi sinnir sjúklingum undir handleiðslu sérfræðilækna. Skiptinemar útvega sér sjálfir húsnæði á meðan á dvöl stendur. Sótt er um aðgang að tölvukerfum sem viðkomandi þarf hjá aðgangsstjóra (sbr. aðrir ólaunaðir nemar).

Fyrir komu skiptinema þarf að tryggja eftirfarandi:

- Yfirfara bólusetningar og MÓSA skimanir auk vottorða
- Sækja þarf um tímabundið lækningaleyfi
- Sækja um nemaaðgang að kerfum
- Staðla þarf samning um námsdvölinna
- Athuga þarf tryggingarmál.

Flutningur milli sviða eða hlé á námi

Ef sérnámslæknir gerir hlé á námi þarf að meta hvort hægt sé að flytja hann í almenna stöðu læknis með lækningaleyfi að teknu tilliti til mönnunar og fjárheimilda. Æskilegt er að ákvarða lengd hlésins fyrirfram. Fylgja skal verklagsreglum um stuðning við sérnámslækna sem snúa aftur til starfa. Einnig er vísað í ákvæði um hlé á sérnámi í Gullbók (Gold Guide)

Ef sérnámslæknir óskar eftir því að hætta í núverandi sérnámi og fara í annað sérnám þá þarf sérnámslæknir að sækja formlega um slíka stöðu í ráðningarferli.

Eftirfarandi skal tryggt þegar sérnámslæknir hættir eða fer í námshlé:

- Mælt er til þess að bæði sérnámshandleiðari og kennslustjóri ljúki lokaskýrslu í skráningarkerfi sérnámslæknis áður en nýtt sérnám er hafið eða til námshlés kemur
- Ef sérnámshandleiðari eða kennslustjórar hafa áhyggjur af starfsgetu sérnámslæknis þannig að öryggi sjúklinga er ógnað, bera þeir ábyrgð á að koma þeim upplýsingum áleiðis skriflega til kennslustjóra þess sérnáms sem sérnámslæknir fer í.
- Hægt er að meta tíma úr eldra sérnám upp í nýtt sérnám í samræmi við ákvæði í reglugerð 856/2023 og Gullbók skv. mati kennslustjóra og kennsluráðs hverju sinni.

Flutningur á milli starfsstöðva og fjarvera námsvistar

Sérnámslæknar í vissum sérgreinum færast milli mismunandi starfsstöðva og skipulagseininga í sérnámi sínu. Er þá um að ræða styttri námsvistir utan heimasérgreinar. Miða skal við að slík námsvist skuli hefjast á fyrsta mánudegi nýs mánaðar (eða fyrsta virka degi ef mánudagur er frídagur). Tryggja skal að kennslustjórar, yfirlæknar og skipulagsaðilar (s.s. heilbrigðisgagnafræðingar) viðkomandi starfseininga fái nauðsynlegar upplýsingar um sérnámslækna með góðum fyrirvara, þó ekki minna en 3 mánaða fyrirvara.

Þar teljast til upplýsingar s.s. inneign námsleyfa, orlofs og staðarvaktafrí. Sérnámslæknir verður að skila inn viðeigandi óskum um fjarvistir og leyfi hvers kyns til kennslustjóra og yfirlæknis í samræmi við vinnureglur hvernar starfseiningar eða skv. samstarfssamningi milli stofnana.

Um úttekt orlofs fer skv lögum og kjarasamningi. Staðarvaktafrí skal nýta á þeirri skipulagseiningu sem þess er aflað. Um önnur leyfi og fjarveru skal gæta meðalhófs í hlutfalli fjarveru af lengd námsvistar og skal fjarvera frá klínískum störfum að jafnaði ekki vera meira en 12% af tímalengd hvernar tímabundinnar námsvistar, enda stríðir það gegn því að hægt sé að tryggja námstækifæri í samræmi við marklýsingu.

Ráðningar lækna með lækningaleyfi utan viðurkennds sérnáms

Gera verður skýran greinamun á öllum stigum ráðninga á réttindum og skyldum eftir því hvort um er að ræða viðurkennda sérnámsstöðu eða ekki.

Gífurlega mikilvægt er að hvers kyns ráðningar utan viðurkennds sérnáms dragi ekki úr vægi sérnáms eða grafi undan þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað. Námstækifæri í sérnámi mega ekki skerðast og skapa verður heildræna stefnu um hlutverk og þýðingu allra ráðninga almennra lækna.

Við ráðningar almennra lækna utan viðurkennds sérnáms verður því að tryggja eftirfarandi:

Stöður lækna með lækningaleyfi utan viðurkennds sérnáms skal aldrei auglýsa sem kennslu- menntunar- eða þjálfunarstöður og ekki má gefa slíkt í skyn. Taka verður skýrt fram að ekki sé um sérnám að ræða og að starf leiði hvorki til sérfræðiviðurkenningar né geti talist til sérnáms í samstarfslöndum.

Sérnámslæknar hafa forgang að náms- og þjálfunartækifærum. Því skal ekki auglýsa stöður lækna með lækningaleyfi nema í samráði við kennslustjóra viðkomandi greinar. Ganga verður úr skugga um að slíkar ráðningar samrýmist heildarhagsmunum sérnáms lækna.

Aðgreina skal lækna í viðurkenndu sérnámi frá öðrum almennum læknum við dagleg störf og í öllum tölvukerfum. Auðkenni sérnámslækna verður því: „Sérnámslæknir“. Auðkenni annarra almennra lækna verður því: „Læknir“ eða „læknir með lækningaleyfi“.

Skrifstofa mannauðsmála upplýsir yfirlækni sérnámslækna ef ráðgerðar eru auglýsingar fyrir stöður almennra lækna utan samhæfðs ráðningarferlis sérnámslækna. Auglýsingar verða ekki birtar nema að samstaða hafi fengist um auglýsingu milli yfirlækna sérnáms og sérgreina.

Ef upp kemur bráður mönnunarvandi sem ekki fæst leystur með auglýsingu sérnámsstaða í samræmdu ráðningaferli er þannig mögulegt að ráða lækna með lækningaleyfital tímabundinna starfa, sem annað hvort gegna þá eingöngu þjónustuhlutverki eða geta talist til sérnáms eftir á ef viðeigandi kröfum er fylgt. Vilji viðkomandi læknir halda áfram í sérnámi innan viðkomandi greinar skal hann ávallt sækja um viðurkennda sérnámsstöðu í samræmdu ráðningarferli í samræmi við handbók þessa á næsta misseri. Viðurkenndar sérnámsstöður eru ekki veittar á annan hátt en í gegnum slíkt ferli.

Lok sérnáms á Landspítala

Við lok sérnáms á Landspítala verður að gera skýra grein fyrir störfum þeirra og þeim hæfnikröfum sem fullnægt hefur verið. Skilgreining og viðurkenning sérnáms á Íslandi, bæði innanlands og utan byggist m.a. á skilgreindum og gegnsæjum útskriftarviðmiðum og staðfestingu þeirra í samræmi við marklýsingar og framvinduviðmið.

Við lok úr fullu sérnámi þurfa eftirfarandi upplýsingar að liggja fyrir og ber kennslustjóri ábyrgð á að sérnámslæknir fái þær:

1. Námslokavottorð undirritað af yfirlækni sérnáms og kennslustjóra
2. Formleg lokaskýrsla (Final Report for Postgraduate Medical Training) (Viðauki 7)
3. Upplýsingar um skilmerki árlegs framgangsmats
4. Afrit eða tengill á marklýsingu

Hætti sérnámslæknir áður en námi lýkur skal eftirfarandi liggja fyrir:

1. Staðfesting á námi (Certificate of training) þar sem fram koma upplýsingar um hvenær viðkomandi hóf nám og hætti, upplýsingar um skilmerki árlegs framgangsmats og afrit eða tengl á marklýsingu auk annara upplýsinga er nauðsynlegar kunna að vera.

Ráðningu í starfi sérnámslæknis lýkur því eðli málsins þegar sérnámi lýkur í kjölfar framvindumats. Segi sérnámslæknir upp stöðu sinni til að fara í nám erlendis áður en ráðningatíma hans lýkur gilda almenn ákvæði um uppsagnarfrest.

Viðaukar:

Viðauki 1: Samstarfssamningur Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri um sérnám lækna

Viðauki 2: Samstarfssamningur Landspítala og þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu um sérnám lækna

Viðauki 3: Lýsing á skipulagi ráðningarviðtala sérnámslækna og tengd mats- og kvörðunarblöð

Viðauki 4: Eyðublað til öflunar umsagnar

Viðauki 5: Verklag um stuðning við sérnámslækna sem snúa aftur til náms og starfa

Viðauki 6: Formleg lokaskýrsla sérnáms við Landspítala

Viðauki 7: Starfslýsingar:

Kennslustjóra

Sérnámslækna

Sérnámsgrunnslækna

telja upp

